

# Leikskólinn Álfatún

## Skólanámskrá



Leikskólinn Álfatún

Álfatún 2

Sími 564-6266

Netfang: [alfatun@kopavogur.is](mailto:alfatun@kopavogur.is)

Heimasíða: [alfatun.kopavogur.is](http://alfatun.kopavogur.is)

## Efnisyfirlit

Leikskólinn Álfatún .....	3
Fjölskyldan og leikskólinn .....	5
Sýn á nám barna .....	6
Hugmyndafræði Álfatúns .....	7
Perlan .....	9
Lýðræði og jafnrétti .....	10
Leikur og nám .....	12
Námsumhverfi .....	14
Samþætt og skapandi leikskólastarf .....	15
Áherslupættir leikskólans .....	15
Læsi og samskipti .....	17
Heilbrigði og vellíðan .....	17
Sjálfbærni og vísindi .....	19
Sköpun og menning .....	21
Daglegt líf í leikskóla .....	23
Mat á námi og velferð barna .....	24
Tengsl skólastiga .....	24
Samstarfsaðilar .....	25
Mat á leikskólastarfi .....	25
Innra mat .....	25
Starfsáætlun .....	26
Ytra mat .....	26

## Leikskólinn Álfatún

Leikskólinn Álfatún tók til starfa í nóvember 2001. Þar dvelja 84, eins til sex ára gömul börn, á fimm deildum. Skólinn er staðsettur í jaðri Fossvogsdalsins sem býður upp á góðar aðstæður til útivistar og náttúruskoðunar. Dalurinn er uppspretta margs konar náms hjá börnunum. Áhersluþættir leikskólans eru málörvun, hreyfing og skapandi starf í gegnum leik. Einnig er lögð áhersla á samskipti og þess að njóta samvista með öðrum, að gefa börnum færi á að tjá hugsanir og hugmyndir eftir fjölbreyttum leiðum og styrkja sjálfsmýnd þeirra. Við viljum að traust, umhyggja og jákvæðni einkenni samskipti á milli allra sem að leikskólanum koma. Á grunni aðalnámskrár Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og námskrár leikskóla Kópavogs mótast hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggir á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra/forráðarmenn og nærsamfélagið.

Markmið skólanámskrár leikskólans er:

- að skipuleggja uppeldi og nám barna
- að stuðla að skilvirkara starfi
- að gera leikskólastarfið sýnilegra

Starfshættir leikskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf leikskólans Álfatúns byggir á:

- Lögum um leikskóla (nr.90/2008)
- Aðalnámskrá leikskóla (2011)
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (655/2009)
- Aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs (2015)
- Samþykktum bæjaryfirvalda, Stefnu og framtíðarsýn
- Ýmsum stefnumótandi samþykktum - jafnréttisstefnu, umhverfis-  
stefnu, stefnu gegn einelti og forvarnarstefnu Kópavogsbæjar.
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Kenningum John Dewey og Lev Vygotsky og hugmyndafræði Rogoffs og Ned Noddings

## Fjölskyldan og leikskólinn

Í Álfatúni er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu allra aðila. Samstarfið byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppleldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Saman byggjum við upp samfélag þar sem ríkir gagnkvæmt traust, virðing og öryggi á milli allra, foreldra/barna og starfsfólks.

Við leggjum áherslu á:

- að börn og foreldrar finni sig velkomin í skólann og þeim sé mætt af virðingu, jákvæðni og hlýju
- rúman aðlögunartíma þar sem foreldrum gefst kostur á að kynna starfinu, öðrum börnum, starfsfólki og öðrum foreldrum
- gott upplýsingastreymi milli foreldra og leikskóla í gegnum dagleg persónuleg samskipti, aðlögunarsamtöl, formleg samtöl einu sinni á ári, heimasíðu skólans og tölvupóstsamskipti

Við skólann starfar foreldrafélag en markmið þess er að tryggja sem best velferð allra barna í leikskólanum. Auk þess er lögbundið foreldraráð sem í eiga sæti þrjár foreldrar. Hlutverk ráðsins er að vera eftirlits- og umsagnaraðili um skólastarfið.

## Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni, að þau finni að við höfum trú á getu þeirra og að lítið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild

þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í samskiptum, leik og skapandi starfi þar sem börnunum gefst færi á



að prófa hugmyndir sínar og þekkingu. Allt nám grundvallast á andlegri og líkamlegri umönnun sem einkennist af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska. Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

## Hugmyndafræði Álfatúns

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum þeirra John Dewey, Lev Vygotsky og Rogoff, sem leggja öll áherslu á virkni einstaklingsins við að byggja upp þekkingargrunn í samskiptum við aðra. Einnig viljum við horfa til tengslakenningar Noddings.

Dewey talar um mikilvægi þess að börn læri af eigin reynslu og að virkni þeirra, forvitni og áhugi eigi að leiða þau áfram. Hann talar um fjögur áhugasvið eða þarfir barna sem horfa skuli til í skólastarfi, það er félagsleg þörf, rannsóknarþörf, sköpunarþörf og tjáningarþörf. Vygotsky talar um mikilvægi tjáningar við að tileinka sér þekkingu og þróa hugsun og hugmyndir. Hann telur að þegar börn séu að ná tókum á tungumálinu noti þau hjálpartæki eins og leikföng og liti til að skýra hugsanir sínar og hugmyndir. Með áherslu á skapandi starf og samvinnu komum við til móts við þessar þarfir. Rogoff hefur skoðað hvernig börn byggja upp þekkingu á samfélaginu í samskiptum við eldri og reyndari einstaklinga. Hún segir að nám fari fram með eftirhermu, gegnum sögur og samvinnuferli og með þátttöku í daglegum athöfnum og leik. Með því að lesa í látbragð, svipbrigði, hlusta á útskýringar og leiðbeiningar taka þau á móti og tileinka sér menningu samfélagsins og þekkingu. Noddings leggur áherslu á samskipti sem hjálpa börnum að skilja ástæður fyrir reglum og væntingum í skólastarfi og fær þau til að taka þátt í samstarfs- og lausnaleitarferli sem miðar að því að koma í veg fyrir slæma framkomu. Noddings leggur einnig áherslu á hlýleg og styrkjandi tengsl við nemendur og á milli þeirra.

Við í Álfatúni viljum líta svo á að börn séu virkir einstaklingar í samfélaginu þar sem þeir tileinka sér þekkingu og gildi samfélagsins í

gegnum samskipti og leik auk fyrirmynda í jafningjahópnum og hjá hinum fullorðnu.

Með því að leggja áherslu á samskipti þar sem umhyggja, virðing, traust, sanngirni, öryggi og hlýja ræður ríkjum teljum við að börnin öðlist sjálfsvirðingu og sjálfstraust ásamt því að bera virðingu fyrir öðrum. Í ljósi þessa leggjum við höfuðáherslu á:

- samskipti þar sem við erum fyrirmyndir í orði og verki
- að örva skapandi hugsun
- tjáningu í gegnum tungumál, myndmál, hreyfingu og fleira
- félagsleg tengsl og samvinnu barnanna





Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólustarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, það er litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólustarfsins saman, samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur þannig öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unninn af Hrafnhildi Sigurðardóttur leikskólakennara og uppfærður af Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

## Lýðræði og jafnrétti í leikskólustarfi

Leikskólinn er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskólanum eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Börn eiga að vera þátttakendur í því að móta eigin veröld, þar sem rödd þeirra hljómar og á hana er hlustað. Það á að taka tillit til skoðana þeirra. Þau eiga að fá tækifæri til að nota gagnrýna hugsun, með því að skoða málin frá sem flestum hliðum og uppgötva margbreytileika lífsins (John Dewey).

Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og starfar leikskólinn eftir jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs og aðalnámskrá þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti á sem víðtækustum grunni. Með áherslu á virðingu og umburðarlyndi, samkennd og tillitssemi í samskiptum við börn og milli barna er stuðlað að því að raddir allra heyrist og hafi sama vægi.

Gæta þarf að því að allir njóti sömu réttinda án mismunar af nokkru tagi. Án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, fötlunar og stjórnámálaskoðana eða annarra skoðana (Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna).

Það leiðir til jafnréttis ef við eflum samstöðu, jákvæð samskipti og samvinnu kynjanna. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.



Í Álfatúni viljum við að börnin upplifi að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar svo að þau geti nýtt sér þá reynslu áfram í lífinu. Börnin læra að tjá skoðanir sínar, virða skoðanir annarra og að hafa þannig áhrif á mótun samfélagsins. Einnig er mikilvægt að þau geti staðið fyrir skoðun sinni og tjáð sig um hana. Í þessu felst einnig sjálfsmynd barnsins og sjálfstraust. Þetta er því aðferð til að lifa og taka ákvarðanir saman. Að börn og fullorðnir læri að nota virka hlustun. Að kennarinn setji sig inn í hugarheim barnsins. Við þurfum að skoða hvað börnin eru að uppgötva, kanna og skynja. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef horft er til yngstu barnanna í leikskólanum sem hafa ekki tungumálið til að tjá sig.

Við hvetjum börnin til að nota öll sín skilningarvit og þá hæfileika sem þau búa yfir. Lýðræði er innantómt ef þú notar ekki gagnrýna hugsun, setur þig í spor annarra og allar skoðanir eru jafngildar. Mikilvægt er að börn kynni sér ýmis mál og horfa þarf til hinnar samfélagslegu þátttöku.

Í öllu daglegu starfi er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir sjálfu sér, öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðar-

lyndi og vináttu. Þau eru hvött til að hjálpa hvort öðru og hlusta á hvert annað. Gagnvirkni og virðing eiga þar stóran þátt. Börnin eru hvött til að segja frá hvernig þeim líður og leysa mál saman. Með skapandi starfi og leik er frumkvæði barnanna eflt og styrkt. Í leikskólanum er mikið lagt upp úr samskiptum og þess gætt að þau fái tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir.

## Leikur og nám

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikur er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Í leik uppgötva börn, rannsaka og læra hvert af öðru. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Þeir hvetja þau á jákvæðan hátt, eru góðar



fyrirmyndir, eru til staðar og hjálpa þeim að leysa ágreining og auka samvinnu. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Leikur á að stuðla að sjálfstæði og styrkja sjálfsmynd/sjálfstöryggi barna. Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið.

Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli í því að hann er skapandi og barnið stjórnar honum sjálft.

Í sjálfsprottinum leik er barn:

- sjálfrátt og sjálfstætt
- stjórnandi og skapar leikinn úr eigin upplifunum og hugarheimi
- að taka ákvarðanir og leysa úr vandamálum
- einbeitt, það gleymir stund og stað
- upptekið af augnablikinu, það er ferlið sem skiptir máli
- laust við utanaðkomandi reglur aðrar en þær sem það setur sjálft eða í samráði við leikfélagana.

Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Þar tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess.

Í leik lærir börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Þar lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Leikur mótast af þroska barnsins, bakgrunni þess og uppeldisumhverfi.

Barn er ekki einungis leikfúst, það er einnig nám- og verkfúst. Barn hefur mikla þörf fyrir að takast á við verkefni sem reyna á færni þess, bæði andlega og líkamlega, því vex stöðugt þor og úthald með ári hverju. Barn getur smám saman einbeitt sér æ lengur að viðfangsefnum og leikjum. Það er forvitið og vill fást við krefjandi leiki og verkefni. Leikskólinn færir börnunum viðfangsefni og aðstöðu sem hæfir þroska þeirra, áhuga og getu.

Í samræmi við hugmyndafræði leikskólans leggjum við áherslu á að bjóða upp á efnivið sem örvar hugmyndaflug, rannsókn og skapandi hugsun. Við notum leikinn til málörvunar og til að auka félagsleg tengsl.

## Námsumhverfi

Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Leikskólakennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafli þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.

Í leikskólanum hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börnum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

Í leikskólanum leggjum við áherslu á sjónrænt umhverfi, sem vekur forvitni, að börnin fái að rannsaka og kanna nánasta umhverfi. Það er gott aðgengi að efnivið, gott rými og áhersla lögð á endurnýtingu. Við gerum nám barna sýnilegt með því að sýna verkum þeirra virðingu



og setja fram á ýmsa vegu fyrir foreldra og aðra sem í leikskólann koma. Við leggjum áherslu á andrúmsloft sem einkennist af ró, reynum að minnka áreiti eins og mögulegt er og að gefa nægan tíma og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Með því að skipta barnahópnum sem mest upp og nýta allt rými skólans, útisvæðið og dalinn teljum við okkur taka tillit til þeirra þarfa og skapa aðstæður til þess.

Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Margir samofnir þættir hafa áhrif á leik barna þar á meðal samsetning barnahópsins og innbyrðis tengsl barna, leikskilyrði og efniviður innanhúss og utan.

Skipulag og umhverfi leikskóla hefur áhrif á leik barna og getur stutt við leikinn en einnig verkað hamlandi. Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, á eftir barnahópnum og leikskólakennurum.

Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að njóta leiksins. Leik skal því ætlaður góður og samfelldur tími í dagskipulagi leikskólans. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Leikbúnað ber að velja í samræmi við þroska barna.

## **Sambætt og skapandi leikskólastarf**

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskóla eru skv. Aðalnámsskrá leikskóla; *heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti og sköpun og menning*. Þessi svið standa ekki ein, heldur fléttast þau inn í áhersluþætti leikskólans sem eru *málörvun, skapandi starf og hreyfing* ásamt öllu öðru daglegu starfi.

## **Áhersluþættir leikskólans**

Málörvun: Lykill að góðum samskiptum felst í tjáningu og skilningi, því að geta tjáð hugmyndir sínar og skilið það sem aðrir hafa fram að færa, að geta fært rök fyrir máli sínu og þróað hugmyndir. Á leikskólaaldri er lagður grunnur að málskilningi, lesskilningi og læsi á umhverfið og má segja að málörvun sé einn af stærstu þáttum leikskólastarfsins. Málörvun

fer fram allan daginn í gegnum daglegt starf, spil og samskipti. Í daglegum athöfnum tengir barn á milli orða og athafna, lærir ný hugtök og leikur sér með hljóð og orð. Því er mikilvægt að börn á leikskólaaldri hafi aðgang að sem fjölbreyttustum efnivið til tjáningar. Við leggjum áherslu á að þau hafi aðgang að prentuðu máli, myndmáli og táknkerfum og uppgötvi tengsl á milli þess og tungumálsins. Einnig er mikið lagt upp úr því að lesa sögur, syngja, læra þulur og ljóð í daglegum samverustundum. Við veltum fyrir okkur hvað orðin þýða og leikum okkur með orðin. Við notum sjónrænt dagsskipulag og tákni með tali sem hjálpartæki. Einnig hvetjum við til þess að börnin segi sögur sjálf, segi frá því sem þau sjá í umhverfi sínu og noti teikningu og sjónræn form til að koma hugsunum sínum og hugmyndum til skila.

Hreyfing: Góð hreyfifærni er mikilvæg og ýtir m.a. undir líkamlega vellíðan, sjálfstæði og jákvæða sjálfsmynd barna. Börnin fara ýmist í skipulagðar hreyfistundir í salnum eða gönguferðir, þar sem unnið er með jafnvægi, þol, samhæfingu, líkamsvitund og liðleika.

Mikil málörvun fer fram í þessum stundum og þar er einnig verið að styðja við félagsfærni og samskipti barna. Þau vinna saman og leysa mál saman, hjálpast að og taka tillit til ólíkra þarfa hvors annars. Elstu börnin fara mikið í dalinn þar sem þau hafa komið sér upp bækistöð og hafa þar færi á að upplifa náttúruna á annan hátt en innan garðsins.

Skapandi starf: Að geta tjáð sig um hugmyndir sínar og þróað þær í samskiptum við aðra er grundvöllur þess að öðlast þekkingu. Því er mikilvægt að leita eftir hugmyndum barnanna og fá þau til að ræða sín á milli og við aðra. Það að koma hugmyndum sínum í sjónrænt form verður síðan til þess að þróa hugmyndirnar og dýpka. Öll börnin fara í hópastarf einu sinni í viku þar sem unnið er með ákveðin þemu sem hópurinn



skoðar saman. Yngstu börnin vinna út frá skynjun og rannsókn og eru að uppgötva efniviðinn og prófa sig áfram, á meðan þau eldri vinna meira út frá sínum hugmyndum. Unnið er með fjölbreyttan efnivið og hvatt er til samræðu og tjáningar.

## Læsi og samskipti



Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Að vera læs felur í sér að geta lesið ritað mál en

einnig að lesa í umhverfi sitt og geta tjáð sig um upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Við ýtum undir læsi barna í gegnum myndmál og sjónrænt skipulag. Við setjum orð á athafnir og spyrjum spurninga sem hvetja til ígrundunar hjá börnunum. Við hvetjum til þess að þau tjái hugmyndir sínar og skoðanir á fjölbreyttan hátt með myndmáli söng, frásögnum og leik. Við hvetjum börnin til að vinna saman og finna lausnir.

## Heilbrigði og vellíðan

Líkamleg vellíðan og heilbrigði byggir á hollum og næringaríkum mat, hreyfingu, hreinlæti og hvíld og í leikskóla er lagður grunnur að heilbrigðum lífsstíl. Í Álfatúni er mikið lagt upp úr góðum mat þar sem hugsað er um hollustu og næringargildi matarins. Natni og bragðgæði einkenna eldamennskuna. Með því að bjóða upp á fjölbreytt fæði unnið úr

góðu hráefni og fallega fram borið stuðlum við að því að börnin fái góða næringu fyrir líkama og sál.

Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Skipulagðar hreyfistundir eru í sal einu sinni í viku, gönguferðir um dalinn eru stór hluti af dagskipulagi eldri barna og útivera í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi styrkir og eflir líkamsvitund barna og sjálfsöryggi. Hvíld er mikilvæg öllum, jafnt börnum sem fullorðnum og er öllum börnum boðið upp á slökun og hvíld í hádeginu. Við fræðum börnin um mikilvægi hreinlætis og líkamlegrar umhirðu og styðjum þau til sjálfshjálpar.

Umhyggja er lykilatriði í uppeldi og menntun barna. Í umhyggjusömu umhverfi líður börnunum vel og þau eru örugg. Það styður við tilfinningalegt jafnvægi þeirra og styrkir sjálfsmynd. Við stuðlum að jákvæðum samskiptum og styrkjum félagsleg tengsl í gegnum leik og dagleg samskipti.

Við leggjum áherslu á:

- að horfa, ná blíðlegu augnsambandi
- að heilsa, einbeitum okkur að barninu og brosum með augunum
- að hlusta á og túlka skilaboðin sem barnið sendir
- að hljóma, tala með hlýlegum tón
- að hrósa fyrir jákvæða hegðun og framkomu
- að hjálpa, vera til staðar þegar barnið þarfnast þín

## Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni. Umhverfi okkar er bæði mannbyggt og náttúrulegt. Það tekur stöðugum breytingum bæði vegna árstíðaskipta og þróunar en einnig vegna umgengni okkar og aðgerða. Það er mikilvægt að börn læri að þekkja, skilja og virða náttúruna og átta sig á því að viðhorf okkar og aðgerðir skipta máli.



Við ýtum undir skilning þeirra með því að aðstoða þau við að uppgötva tengsl á milli orsaka og afleiðinga. Með því að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt að hvetja þau til að hugsa vísindalega og aðstoða þau við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á

hugmyndum og hugtökum. Við veitum þeim tækifæri til að kanna umhverfið sitt á margvíslegan hátt og ræða reynslu sína af þeim tilraunum og ýtum undir að þau vinni með hugsanir sínar og hugmyndir á skapandi hátt. Með því að koma hugmyndum í orð eða sjónrænt form, skýrum við þær og sjáum ný tengsl og fáum nýjar hugmyndir.

Okkar áherslur eru:

- að upplifa náttúruna og læra að umgangast hana af virðingu
- að nýta Fossvogsdalinn og umhverfi leikskólans til að upplifa og ræða um náttúruna, fylgjast með árstíðabreytingum og því lífríki sem þar er að finna
- að nýta efnivið sem náttúran býður upp á hverju sinni og hugsa um hvernig við getum hlúð að umhverfi okkar
- að nýta allan efnivið vel og forðast óþarfa innkaup
- að flokka úrgang
- að uppgötva eiginleika og eðli ýmissa efna og fyrirbæra í skapandi starfi og leik um leið og við þróum skilning okkar á náttúrunni.
- að sameinast um að ganga vel um og hafa rýmið fallett og snyrtilegt

## Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Leikskólinn myndar lítið samfélag sem mótast af þeirri fjölbreyttu flóru starfsmanna, barna og foreldra sem að því koma. Við nýtum okkur menningarviðburði og förum í heimsóknir á söfn bæjarins. Við hvetjum foreldra til að taka þátt í starfi leikskólans og bjóðum þeim á viðburði tengda menningu og listum. Einu sinni í viku eru fagnaðarfundir í sal skólans, deildir skiptast á að stýra þeim fundi. Íslensk menning og hefðir eru jafnframt stór hluti af leikskólastarfinu.



## Hefðir og menning í Álfatúni:

- 16. september, dagur íslenskrar náttúru
- 25. október, alþjóðlegur bangsadagur
- 1. nóvember, afmæli leikskólans
- jólastund með foreldrum/forráðamönnum
- jólatrésskemmtun og máltíð
- jólaball á laugardegi í boði foreldrafélagsins
- bóndadagur, feðrum og öfum boðið í þorramorgunmat
- 6.febrúar, Dagur leikskólans á landsvísu
- öskudagur, þá er slegið upp dansleik í leikskólanum
- konudagur, mæðrum og ömmum boðið í morgunmat
- vika móðurmálsins
- páskaeggjaleit með foreldrum í boði foreldrafélagsins
- útskrift með foreldrum elstu barna
- útskriftarferð/dagsferð
- opið hús í maí, yfirlitssýning yfir vetrarstarfið
- sumarhátíð í umsjón foreldrafélagsins
- dalaferð að sumri, allir í leikskólanum leika sér og grilla í dalnum
- litadagar eru reglulega yfir veturinn
- leiksýning í boði foreldrafélagsins

Öll þróun, allt nám byggir á skapandi hugsun. Það að vinna út frá eigin hugmynd og fá að þróa hana, styrkir jákvæða sjálfsmynd barnsins. Í leikskólanum hvetjum við börnin til að nota ímyndunaraflið og bjóðum upp á örvandi vinnuumhverfi þar sem forvitni er vakin. Auk þess að börnin fá

að vinna með margvíslegan efnivið í daglegum leik er unnið með þema á deildum þar sem ákveðið efnissvið er krufið frá ýmsum hliðum í hópastarfi á fjölbreyttan hátt.



## Daglegt líf í leikskóla

Nám barna fer fram í daglegu starfi og leik og daglegar venjur skipa þar stóran sess:

- borðhald þar sem áherslan er á holla og góða næringu, almenna borðsiði, sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni
- svefn og hvíld, öll börn fara í hvíldarstund eftir hádegismat þar sem þau ýmist sofna eða njóta tónlistar eða sögulesturs. Þar sem við teljum mikilvægt að öll börn fái tækifæri til að slaka á og róa huga og líkama og er lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft
- hópastarf, í hópastarfi gefst börnunum kostur á að ígrunda saman og skoða í samvinnu og leik það sem vekur áhuga þeirra hverju sinni
- útivera er stór þáttur í leikskólastarfinu. Þar er markmiðið að upplifa náttúruna og njóta rýmisins sem býður upp á annars konar leik og hreyfingu en innandyra. Útivera styrkir líkamann og eflir góða heilsu
- samverustundir, markmið þeirra er að búa til vettvang þar sem börn og starfsfólk eru saman og meðal annars lesa sögur, syngja, dansa og eiga notalega stund.

## Mat á námi og velferð barna

Leikskólar Kópavogs þróa fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi og gengið út frá því að leikskólinn sé fyrir öll börn á leikskólaaldri. Börnum með fötlun eða frávik í þroska er mætt samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Meginreglan er að sérstök úrræði fari fram í hópi með öðrum börnum.

## Tengsl skólastiga

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs og eru Álfatún, Grænatún og Furugrund í samstarfi við Snælandsskóla. Farið er í heimsóknir þar sem við skoðum skólahúsnæðið og einnig fáum við að sitja í kennslustundum og er boðið á leikrit. Síðan koma fyrrverandi nemendur okkar í heimsókn. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.



Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er ætlað að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sem leikskólar varðveita. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

### **Samstarfsaðilar**

Leikskólinn Álfatún hefur samvinnu við ýmsa aðila utan leikskólans sem tengjast þroska og velferð barnanna. Má þar nefna aðra skóla, heilsugæslu, barnaverndaryfirvöld og sérfræðiþjónustu leikskóladeildar.

### **Mat á leikskólastarfi**

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

### **Innra mat**

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Í leikskólum Kópavogs er ECERS kvarðinn (3-5 ára)

notaður við matið, hann tekur til margra þátta í leikskólastarfinu. Einnig eru sérstakir matslistar notaðir til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks.

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er sérstakur matslisti ætlaður til þess. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Í leikskólanum meta eldri börnin starfið árlega.

Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

## Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana.



## Ytra mat

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.